

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, undir aðför að lögum.

Mánudaginn 26. aprílmán.

Nr. 17/1874: Jón Jónsson, vegna hinnar íslensku samlagsverzlunar í Bergen gegn Egli kaupmanni Egilsson.

Dómur.

Mál þetta er risið út af því, að haustið 1871 var Egill Egilsson, er þá stóð fyrir verzlun í Stykkishólmi, ráðinn faktor við verzlun þá, sem hið íslenska verzlunarfjelag í Bergen átti hjer í Reykjavík, og skyldi hann taka við forstöðu verzlunar þessarar vorið 1872. Ferðaðist hann því eptir áskorun tjeðs verzlunarfjelags með fyrstu póstskeipsferð frá Reykjavík vorið 1872 til Bergen, til þess að gjöra ýmsar ráðstafanir viðkomandi þessari stöðu sinni, og kom aptur hjer til bæjarins seint í maí sama ár, og tók að verzla fyrir hönd verzlunarfjelagsins í húseign þeirri, er nefnd er Glasgow, hjer í bænum. Fór því fram um hríð; en seint í marzmánuði 1873 sagði fjelagið Egilsson upp verzlunarforstöðu hans, með hálfis árs fyrirvara, og seinna samdist svo milli hans og erindsreka fjelagsins, er var sendur hingað sama vor, að Egilsson skyldi láta af verzlunarforstöðu sinni 1. júní 1873, og fór hann þá alveg frá verzluninni. Haustið eptir höfðaði Jón landshöfðingjaritari Jónsson, fyrir hönd opt nefnds verzlunarfjelags eða «Likvidationskomite's» þess, mál á móti Egilsson út af viðskiptum hans við fjelagið, og voru rjettarkröfur hans fyrir undirrjettinum þessar:

1. að Egilsson yrði skyldaður til að borga fjelaginu eða Likvidationskomite þess
- a, upphæð láns, er fjelagið hafði veitt honum vor-
ið 1872 2031 rd. 20 sk.
- b, 6% rentur af tjeðu láni frá 1.
maí 1872 til sáttaþærudags 29.
október 1873 182 — 60 —
- c, skaðabætur fyrir vantandi skil
á verzlun og ótilhlýðilega verzl-
unarstjórn 5000 — " —
- d, reikningsskuld 1174 — 16 —
þó þannig, að 50 rd. verði
dregnir frá þessari upphæð, ef
báturinn «Blíður», er fjelagið
eigi, en Egilsson hafi tekið að
sjer, verði afhentur í góðu standi.
- samtals 8388 — " —
- með 7% rentu frá sáttaþæruþegi af 2031 rd. 20 sk.
og 5% rentu frá sama degi af 6351 rd. 76 sk. uns
borgun skeður;
2. að Egilsson verði dæmdur, að viðlagðri daglegri sekt
eða á annan nægjandi hátt, til
- a, að afhenda bátinn «Blíður», ef hann er þess um
komin;
- b, að gjöra verzlunarfjelaginu, eða stefnanda fyrir
hönd þess, full og glögg skil fyrir verzlunarfor-
stöðu sinni;
- c, að semja verzlunarreikning frá þeim degi, er
hann tók við verzluninni, til þess dags, er hann
fór frá henni;
- d, að afhenda allar þær bækur og öll skjöl, verzl-
uninni viðkomandi, er hann hafi undir höndum,
þar á meðal einkum kassabók og kladdabók fyr-

- ir tímabilið frá 1. marz til 26. maí 1873, og faktúrur þær, er honum hafi verið sendar;
3. að Egilsson verði dæmdur til að greiða verzlunar-fjelaginu allan kostnað af máli þessu, svo fjelagið verði skaðlaust.

Egill kaupmaður Egilsson höfðaði gagnsókn gegn verzlunarfjelaginu og krafðist, að fjelagið yrði dæmt til að borga sjer:

1. andvirði fyrir ýmsar vörur, er hann hafði sent for-
manni fjelagsins árið 1871 til sölu . . . 1411 rd.
2. skaðabætur fyrir hald á tjeðri upphæð síð-
an 1871, minnst 200 —
3. bætur fyrir þann vansa og skaða, er
sakaraburður sækjanda um ótilhlýðilega
verzlunarförstöðu og þar á byggð ótíma-
bær uppsögn á atvinnuvegi gagnsækj-
anda hefðu bakað honum, minnst . . . 10000 —
4. skaðabætur fyrir allt það tjón, sem hann
hefði hlotið af að vera lokkaður frá eign-
um sínum og atvinnu vestra 5000 —
5. Fyrir «Tort og Creditspilde», er erinds-
reki fjelagsins hafi bakað gagnsækjanda
með því 5. júní 1873 að brjóta húsfrið
á konu hans, að honum fjærverandi, minnst 1000 —
6. skaðabætur fyrir það, að erindsreki fje-
lagsins hafi gegn lofordum sínum hald-
ið gagnsækjanda við verzlunina svo lengi,
að hann vegna þess hafi misst af arð-
sömum hestakaupum og innheimtu skulda,
minnst 1000 —

samtals 18611 —

með 6% rentu frá sáttakærudegi til borgunardags. Enn fremur krafðist gagnsækjandi, að allar kröfur aðalsækj-
anda yrðu dæmdar dauðar og maktarlausar, en stefn-

andi dæmdur í hæfilegar sektir fyrir meiðyrði og rangan áburð, og til að greiða allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað.

Með dómi upp kveðnum fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, 17. septembermán. f. á., voru málspartarnir dæmdir sýknir hvor af annars kærnum og kröfum í máli þessu og málskostnaður látinn falla niður, en gagnsækjandi Egilsson dæmdur til að greiða í sekt fyrir ósæmilegan rithátt, 5 rd. til fátækra sjóðs Reykjavíkur og aðra 5 rd. til dómsmálasjóðsins, svo voru og hin meiðandi ummæli, er gagnsækjandi hafði viðhaft um umboðsmann verzlunarfélagsins, dæmd. dauð og marklaus. Þessum dómi hefur Jón landshöfðingjaritari Jónsson áfrýjað fyrir hönd hins íslenska verzlunarfélags í Bergen til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 6. októbermán. f. á., og krafizt, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið að svo miklu leyti, sem rjettarkröfur aðalsækjanda í hjeradi eigi eru teknar í honum til greina, að hinn stefndi verði dæmdur eptir rjettarkröfum aðalsækjanda í hjeradi með tilliti til sjálfs málsins og kostnaðar þess, og til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, og að hjeradsdómurinn verði að öðru leyti staðfestur. Með stefnu, dagsettri 19. janúarmán. þ. á., hefur Egill kaupmaður Egilsson gagnáfrýjað nefndum dómi, og krafizt: principaliter, að máli þessu verði vísað frá yfirdóminum, að því er snertir kærur og kröfur aðaláfrýjanda, og að hann verði dæmdur í «Kost og Tæring», sem frekast má, eptir rjettarins mati, en að gagnsóknarmálinu verði framfylgt eptir málavöxtum; subsidiáliter, að hinum áfrýjaða dómi í hjeradi verði hrundið og breytt, að því leyti sem rjettarkröfur gagnáfrýjanda ekki hafi verið teknar til greina; að sækjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjandanum allar þær kröfur, er hann hafi farið fram á fyrir bæjarþingsrjett-

inum og allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað; að aðalsækjandi verði hæfilega sektaður fyrir ósæmilegan rithátt og önnur ummæli um gagnáfrýjandann, og að gagnáfrýjandi verði dæmdur alveg sýkn af öllum kærnum og kröfum aðalsækjanda í hjeraði, og hjeradsdómurinn að því leyti standi óhaggaður.

Þar sem gagnáfrýjandinn fyrst og fremst hefur krafizt, að aðalsökinni verði vísað frá dómi, þá hefur hann ekki komið fram með aðrar ástæður fyrir þeirri kröfu sinni, en þær, sem yfirdómurinn þegar hefur úrskurðað um undir rekstri málsins, 23. nóvember f. á. og 4. janúar þ. á., og að því, er sjerstaklega snertir þá mótbáru gagnáfrýjanda, að hvorki hafi Jón landshöfðingjaritari Jónsson sannað umboð sitt til að áfrýja undirrettardóminum, nje talsmaður aðaláfrýjandans umboð sitt til að flytja málið fyrir yfirdóminum, þá er næg sönnun fyrir umboði hins fyr nefnda komin fram í rjettarskjali nr. 2 í undirrettargjörðunum og rjettarskjali ad nr. 6 a, fram lögðu hjer fyrir rjettinum, og fyrir umboði hins síðar nefnda í rjettarskjalinu nr. 3. Frávísunarkrafa gagnáfrýjandans verður þannig ekki tek-in til greina, og ber því að dæma málið í aðalefni þess.

Eins og að framan er sagt, fara rjettarkröfur aðaláfrýjandans fram á: s u m p a r t, að gagnáfrýjandinn verði skyldaður til, að gjöra full reikningsskil fyrir verzlunarforstöðu sinni, og til að skila aðaláfrýjandanum ýmsum munum, bókum og skjölum, er hann hafi undir höndum, en sem sjeu eign aðaláfrýjandans, s u m p a r t, að gagnáfrýjandinn verði dæmdur til að borga aðaláfrýjandanum ýmsar upphæðir, lán, reikningsskuld og skaðabætur, samtals 8,388 rd. eða 16,776 krónur; en hins vegar hefur aðaláfrýjandinn mótmælt því, að í þessu máli verði dæmt um það, sem gagnáfrýjandinn verði skuldugur aðaláfrýjandanum eptir reikningi fyrir

verzlunarforstöðu hans. Að því er snertir hið fyrra aðalatriðið, þá hefur gagnáfrýjandinn sumpart neitað því, að á sjer hvíli nein skylda til að gjöra reikningsskil fyrir verzlunarforstöðu sinni til aðaláfrýjandans, sumpart haldið því fram, að hann af sjálfsdáðum hafi gjört slík reikningsskil. Þessa mótbáru gagnáfrýjandans getur yfirdómurinn ekki aðhyllt, því þó að það hafi ekki verið sjerstaklega áskilið með samningi, að gagnáfrýjandinn skyldi gjöra reikningsskil fyrir verzlunarforstöðu sinni, þá liggur það beinlínis í stöðu hans sem verzlunarfulltrúa aðaláfrýjandans, að hann hlýtur án nokkurs sjerstaks samnings að vera skyldur til að gjöra aðaláfrýjandanum nákvæma grein fyrir öllum aðgjörðum sínum sem fulltrúi og umboðsmaður aðaláfrýjandans, og sjer í lagi að gjöra fullkomna skilagrein fyrir öllum þeim vörum, peningum og öðru, sem hann hefur tekið við sem fulltrúi aðaláfrýjandans. Að gagnáfrýjandinn hafi af sjálfsdáðum uppfyllt þessa skyldu sína með reikningum þeim, sem eru lagðir fram fyrir undirjettinum sem nr. 4 og nr. 42—43, getur yfirdómurinn ekki álitit, því hið fyr nefnda skjalið, sem gagnáfrýjandinn kallar: «Optegnelser ved det Bergenske Handelssamlags Handel i Reykjavik ved 31. December 1872», verður ekki skoðað öðruvísi — eins og líka gagnáfrýjandinn sjálfur ekki virðist hafa skoðað það öðruvísi — en sem bráðabyrgða sýnishorn, án neinna fylgiskjala eða sannana, af ástandi verzlunarinnar á því tímabili, sem það nær yfir, og hin síðar nefndu skjölin, sem gagnáfrýjandinn kallar: «sameign Egilssonar við hið íslenska verzlunarfélag í Björgvin frá 1. marz 1872 til 1. júní 1873», og «yfirlit yfir peninga fengna til norsku verzlunarinnar 1872—73, og hvernig þeim hefur verið varið», verða ekki, án tillits til hvort þau geta álitizt fullnægjandi reikningsskil eða eigi,

skoðuð sem reikningur, aflagður til aðalfrýjandans, heldur að eins sem upplýsingar, lagðar fram fyrir rjettinn, honum til leiðbeiningar. Gagnáfrýjandinn virðist þannig ekki hafa fullnægt þeirri skyldu sinni, að gjöra aðaláfrýjandanum nákvæma skilagrein fyrir verzlunarforstöðu sinni, og þó að gagnáfrýjandinn beri fyrir, að sjer hafi ekki verið mögulegt að gjöra slíka skilagrein eins fullkomna og vera ætti, þar sem ýms skjöl, sjer í lagi faktúrur, hafi vantað með sumum vörusendingum, er hann hafi fengið frá aðaláfrýjandanum, þá getur það atvik, sem aðaláfrýjandinn að öðru leyti hefur neitað, ekki losað hann undan að gjöra skil fyrir verzlunarforstöðu hans, heldur að eins gjört honum ljettari sönnunarskylduna fyrir þeim póstum, sem skjöl þessi snerta. Þar sem aðaláfrýjandinn, í sambandi við kröfu sína um reikningsskil af hendi gagnáfrýjandans, hefur krafizt, að gagnáfrýjandinn verði dæmdur til að afhenda aðaláfrýjandanum bátinn «Blíð», og bækur þær og skjöl verzluninni viðkomandi, er hann hafi undir höndum, þá virðist ekki næg ástæða til að taka þessa kröfu sjerstaklega til greina, því, að því er bátinn snertir, þá hlýtur gagnáfrýjandinn að gjöra grein fyrir honum um leið og hann gjörir reikningsskil sín, og að því, er snertir bækur og skjöl verzlunarinnar, þá hefur aðaláfrýjandinn að eins til nefnt kassabók, er gagnáfrýjandinn neitar, að nokkru sinni hafi til verið, kladdabók fyrir tímabilið frá 1. marz til 26. maí 1873, er gagnáfrýjandinn neitar að sje í sínum vörzlum, enda hefur aðaláfrýjandinn seinna játað, að kladdabók fyrir tímabilið frá 1.—18. marz og 1. apríl til 26. maí sje komin til skila, og loks faktúrur nokkrar, er gagnáfrýjandinn hlýtur að láta fylgja með reikningsskilum sínum, þeim til sönnunar. Samkvæmt þessu ber að dæma gagnáfrýjandann til að gjöra aðaláfrýjandanum fullkomin reikn-

ingsskil fyrir forstöðu hans fyrir verzlun aðaláfrýjandans hjer í bænnum innan tiltekins tíma, er virðist hæfilega metinn til 3 mánaða frá birtingu dóms þessa, og að við lagðri 10 króna sekt fyrir hvern dag, er hann óhlýðnast dóminum. Að vísu er ágreiningur milli málspartanna um, hve nær gagnáfrýjandinn hafi tekið við verzlunarforstöðunni, þar sem aðaláfrýjandinn ber fram, að hann ekki hafi tekið við verzlunarforstöðunni fyr en 1. júní 1872, en gagnáfrýjandinn segist hafa verið ráðinn verzlunarstjóri frá 1. marz s. á., en þar sem aðaláfrýjandinn hefur krafizt reikningsskilanna að eins fyrir tímabilið frá 1. júní 1872 til 1. júní 1873 (sbr. rjettarskjalið nr. 12 í undirrjettargjörðunum), þá verður gagnáfrýjandinn ekki dæmdur til að gjöra reikninginn fyrir lengri tíma.

Þegar þar næst kemur til álita um peningakröfur aðaláfrýjandans á hendur gagnáfrýjandanum, þá hefur gagnáfrýjandinn játað, að hann vorið 1872 hafi fengið að láni hjá aðaláfrýjandanum 1000 spesíur eða 4000 krónur; en hann neitar því, að hann nokkru sinni hafi skuldbundið sig til að borga þær 62 krónur 41 aura, sem aðaláfrýjandinn krefst fram yfir hina eiginlegu upphæð lánsins, nje heldur til að borga rentur af láni þessu. Með því að það þannig er in confesso milli málspartanna, að gagnáfrýjandinn hafi fengið nefnt lán, og að það sje óborgað, ber að dæma gagnáfrýjandann eptir kröfu aðaláfrýjandans til að borga það, því það verður ekki sjeð, að lán þetta standi í neinu slíku sambandi við verzlunarforstöðu gagnáfrýjandans, að það geti heyrt með inn undir reikningsskil hans sem verzlunarfulltrúa. Sömuleiðis virðist gagnáfrýjandinn vera skyldur að endurgjalda aðaláfrýjandanum kostnað þann, sem hann hefur haft af að borga nefnt lán út í Kaupmannahöfn, þó að gagnáfrýjandinn ekki hafi sjerstaklega skuldbundið

sig til þess, því kostnaður þessi, sem aðaláfrýjandinn hefur borgað úr sínum eigin sjóði, er greiddur í þarfir gagnáfrýjanda, enda hefur gagnáfrýjandinn, sem virðist hafa verið í Bergen, þegar lánið var borgað út í Kaupmannahöfn, ekki leitt rök að því, að hann hafi verið óþarfur. Þennan kostnað, sem er 62 krónur 41 aurar, ber því einnig að dæma gagnáfrýjandann til að borga aðaláfrýjandanum; en á hinn bóginn virðist gagnáfrýjandinn ekki verða skyldaður til að borga rentur af láni þessu fyrir sáttakærudag, því að aðaláfrýjandinn hefur ekki sannað, að neinar rentur hafi verið áskildar, og reglur þær, sem gilda um rentur í peningaviðskiptum milli kaupmanna, virðast ekki geta átt við hjer, þar sem verzlunareigandi lánar faktor sínum peninga. Gagnáfrýjandinn verður þannig að eins dæmdur til að borga rentur af nefndri upphæð, 4062 kr. 41 a., frá sáttakæru-
degi 29. október 1873 með 5 af hundraði. Þar sem aðaláfrýjandinn hefur krafizt 5000 rd. skaðabóta fyrir vantandi skil á verzlun og fyrir ótilhlýðilega verzlunarstjórn, þá virðist yfirdóminum sú krafa koma í bága við hina kröfu aðaláfrýjandans, að undir þessu máli verði ekki dæmt um það, sem gagnáfrýjandinn kunnir að verða skuldugur um eptir reikningi fyrir verzlunarforstöðu sinni, enda verðar ekki dæmt um, hvort verzlunarstjórn gagnáfrýjandans hafi verið ótilhlýðileg, nje hvort aðaláfrýjandinn hafi beðið nokkurn eða þá hve mikinn skaða af vantandi skilum frá gagnáfrýjandans hálfu, fyr en gagnáfrýjandinn er búinn að gjöra þessi skil. Sama er að segja um reikningsskuld þá, að upphæð 1174 rd. 16 sk., er aðaláfrýjandinn telur sig eiga hjá gagnáfrýjanda, að margir af þeim póstum, sem gagnáfrýjandanum þar eru taldir til skuldar, sbr. rjettarskjal nr. 7 í undirjettargjörðunum sjer í lagi póstantana 1—10 og 14—24, standa í svo nánú sambandi

við verzlunarforstöðu hans, að ekki verður dæmt um þá, án þess um leið að nokkru leyti að dæma um það, sem gagnáfrýjandinn verður skuldugur um eptir reikningi fyrir verzlunarforstöðu sinni. Þessar tvær kröfur virðast þannig of snemma fram komnar, og ber því að dæma gagnáfrýjandann sýknan af þeim.

Þegar gagnkröfur gagnáfrýjandans, að upphæð samtals 37,222 krónur, þessu næst koma til yfirvegunar, þá fer hin fyrsta gagnkraftan því fram, að aðaláfrýjandinn verði skyldaður til að greiða gagnáfrýjandanum 1411 rd., sem sjeu andvirði fyrir vörur, er gagnáfrýjandinn hafi sent Þorkeli Johnsen, formanni samlagsins í Bergen, árið 1871 til sölu, en hafi enn ekki fengið skil fyrir. Auk þess sem það nú ekki er fulljóst gegn neitun aðaláfrýjandans, að gagnáfrýjandinn hafi sent nefndu samlagi, þ. e. aðaláfrýjandanum, vörur þessar, en ekki Þorkeli Johnsen persónulega, þá hefur gagnáfrýjandinn í útlistun sinni um þetta málsatriði, sbr. rjettarskjal nr. 39 í undirrjettargjörðunum, borið fram, að hann hafi beðið samlagið að borga þriðja manni nokkuð af andvirði þessu, og að nafn þessa manns hafi verið tekið upp á generalbalance samlagsins, að því er virðist sem kreditor fyrir einhverri upphæð. Með því að það, þó aðaláfrýjandinn ætti að standa skil á andvirðinu fyrir vörur þessar, þannig virðist eptir framburði gagnáfrýjanda sjálfs, sem eitthvað af andvirðinu sje borgað þriðja manni eptir beiðni gagnáfrýjandans, en ekki verður sjeð, hve mikið þá ætti að standa eptir, verður ekki gefinn dómur fyrir hinni upp á stefndu upphæð, 1411 rd., nje fyrir neinum tilteknum hluta af henni. Hinar aðrar gagnkröfur gagnáfrýjandans eru sumpart ósannaðar gegn neitun aðaláfrýjandans, sumpart þvílíkar, að þær verða ekki teknar til greina, og verður yfirdómurinn því að vera á sama máli og undirdómarinn um það, að aðal-

áfrýjandinn eigi að dæmast sýkn af öllum þessum kröfum af gagnáfrýjandans hálfu.

Samkvæmt öllu því, sem að framan er til greint, ber að breyta undirrettardóminum að því leyti, að gagnáfrýjandanum ber að gjöra fullkomin reikningsskil fyrir verzlunarforstöðu sinni á tímabilinu frá 1. júní 1872 til 1. júní 1873 innan þriggja mánaða frá birtingu dóms þessa, að við lagðri 10 króna sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkur fyrir hvern dag, er hann óhlýðnast dóminum, og að gagnáfrýjandanum beri að greiða aðaláfrýjandanum 4062 kr. 41 a. með 5% rentu frá sáttakærudegi, en að öðru leyti ber að staðfesta undirrettardóminn, sjer í lagi að því er snertir málskostnað í hjeradi, og sömuleiðis að því er snertir sekt þá, er gagnáfrýjandi er dæmdur í fyrir ósæmilegan ritmáta og ómerkingu á þeim meiðandi ummælum, sem gagnáfrýjandinn hefur haft um talsmann aðaláfrýjandans fyrir undirretti. Kröfu gagnáfrýjandans um, að aðaláfrýjandi verði dæmdur í hæfilegar sektir fyrir meiðyrði og rangan áburð, virðist ekki tilefni til að taka til greina. Málskostnaður fyrir yfirrettinum virðist eptir málavöxtum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera.

Gagnáfrýjandanum Egli Egilsson ber, að við lagðri tíu króna sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkur fyrir hvern dag, er hann óhlýðnast dómi þessum, að gjöra aðaláfrýjandanum, hinni íslenzku samlagsverzlun í Bergen eða Likvidationskomite hennar, eða þá stefnanda Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni fyrir hennar hönd, innan þriggja mánaða frá löglegri birtingu dómsins, fullkomin reikningsskil fyrir verzlunarfor-

stöðu sinni fyrir verzlun aðaláfrýjandans í Reykjavík á tímabilinu frá 1. júní 1872 til 1. júní 1873. Svo ber gagnáfrýjandanum og að greiða aðaláfrýjandanum 4062 kr. 41 a. — fjögur þúsund sex týgi og tvær krónur, fjörutýgi og einn aura — með 5% rentu frá 29. októbermán. 1873. Að öðru leyti á undirjettarins dómur óraskaður að standa. Málskostnaður fyrir yfirdóminum falli niður.

Hið ídæmda að greiða innan 8 vikna frá dóms þessa löglegri birtingu og honum að fullnægja, undir aðför að lögum.

Mánudaginn 31. maímán.

Nr. 6/1875:

Rjettvísín

gegn

Sæmundi Sæmundssyni og

Ingimundi Sæmundssyni.

D ó m u r.

Með dómi, upp kveðnum 2. desembermán. f. á. fyrir aukarjetti Árnassýslu að Kiðjabergi, eru þeir Sæmundur Sæmundsson í Rútsstaða-Suðurkoti og Ingimundur sonur hans dæmdir, hinn fyr nefndi samkvæmt 47., 45., 231. nr. 1. og 230. grein hegningarlaganna í fangelsi við vatn og brauð í 4 × 5 daga, hinn síðar nefndi samkvæmt 230., 22., 30. og 242. gr. sömu laga í 15 hagma hýðingu með reyrprika og til að greiða 48 sk. í iðgjöld til Jóns Jónssonar á Loptsstöðum og 2 rd. til kammerráðs Th. Guðmundsens í varnarlaun. Annan sakarkostnað eru hinir ákærðu dæmdir til að greiða, annar fyrir báða og báðir fyrir annan. Þessum